



Fundargerð háskólaráðs

254. fundur þann 30. apríl 2007

Fundarherbergi 262 á Borgum

Ingi Rúnar Eðvarðsson varaforseti háskólaráðs setti fund kl. 12:00.

Mættir voru auk hans:

Baldur Guðnason fulltrúi menntamálaráðherra
Guðmundur Heiðar Frímannsson staðgengill rektors
Hjálmar Stefán Brynjólfsson fulltrúi nemenda
Ingibjörg Elíasdóttir fulltrúi kennara

Fjarverandi:

Þorsteinn Gunnarsson rektor

Aðrir mættir:

Laufey Sigurðardóttir ritari rektors
Ólafur Halldórsson framkvæmdastjóri

Gestir:

Kristján Kristjánsson prófessor
Laufey Petrea Magnúsdóttir forstöðumaður kennslusviðs
Ólafur Búi Gunnlaugsson forstöðumaður fasteigna og rekstrar

Ingi Rúnar kynnti dagskrá.

1. Fundargerð 253. fundar

Fundargerð síðasta fundar háskólaráðs var samþykkt.

2. Rekstraryfirlit janúar – mars 2007

Ólafur gerði grein fyrir rekstraryfirliti janúar–mars. Rekstrarkostnaður kennsludeilda og stoðþjónustu er um 263,62 m.kr. (24,56% af áætlun ársins) þar af 152,11 m.kr. vegna kennsludeilda.

3. Endurskoðun rekstraráætlunar 2007

Ólafur sagði að vinna við endurskoðun rekstraráætlunar ársins væri þegar farin af stað og gerði hann stuttlega grein fyrir því sem helst væri verið að skoða í þeim efnum. Tillögur verða síðan lagðar fyrir framkvæmdastjórn sem mun fjalla um málið áður en það kemur inn á borð háskólaráðs í júní.

4. Stefna HA 2007–2011

Guðmundur Heiðar sagði að í maí muni rektor eða staðgengill hans og gæðastjóri funda með deildum um eftirfylgni með stefnumótun háskólans. Hann sagði einnig að í vinnslu væri gæðakerfi fyrir háskólann sem reiknað væri með að verði tilbúið í júní.

5. Reglur fyrir HA

Á síðasta fundi háskólaráðs kynnti Pétur Leifsson drög að nýjum reglum fyrir HA. Ýmsar athugasemdir komu fram á fundinum og eru nú lögð fram ný drög þar sem tillit hefur verið tekið til framkominna athugasemda. Reglurnar voru samþykktar.

6. Breytingar á prófareglum

Fyrir fundinum lá tillaga um að síðasta setning d) liðar 7. gr. prófareglna hljóði þannig: „Prófspurningar fara á bókasafn háskólans þegar viðkomandi skólaári er lokið.“ Tillagan var samþykkt.

7. Umsóknir um framhaldsnám

Laufey Petrea Magnúsdóttir kom inn á fund og gerði grein fyrir umsóknum um framhaldsnám en umsóknarfresti lauk 15. apríl. Alls bárust 165 umsóknir. Samþykktar hafa verið 154 umsóknir, átta eru óafgreiddar og þremur hefur verið hafnað. Háskólaráð veitti heimild til að framlengja umsóknarfrest í heilbrigðisvísindum.

8. Dómnefndarálit

Kristján Kristjánsson formaður dómnefndar kom inn á fund og gerði grein fyrir dómnefndarálit um hæfi tveggja umsækjenda til að gegna lögfræðistöðum við HA. Háskólaráð staðfesti álitin með fyrirvara um að frestur til að skila inn athugasemdum er ekki liðinn. Kristján sagði að dómnefndarálit vegna annarra lögfræðistaða og sálfræðistöðu sem auglýstar voru á sama tíma væru enn í vinnslu. Þar sem tíminn er að verða naumur og farið að liggja á að ganga frá ráðningum gaf háskólaráð staðgengli rektors heimild til að senda þau álit beint til deildar þegar þau berast frá dómnefnd.

9. Framkvæmdir við HA

Ólafur Búi Gunnlaugsson kom inn á fundinn og gerði grein fyrir 4. áfanga byggingaframkvæmda við HA en nýlega tilkynnti menntamálaráðherra að ríkisstjórnin hefði ákveðið að verja 100 m.kr. til að hefja framkvæmdir við 4. áfanga viðbygginga á Sólborg. Skv. útboðsteikningum fyrir 4. áfanga mun ekki verða hægt að koma öllu starfsfólki háskólans fyrir á Sólborgarsvæðinu. Háskólaráð mælist til að bygginganefnd geri nýja þarfagreiningu og kanni hvernig hægt væri að koma öllu starfsfólki fyrir á svæðinu. Háskólaráð óskar eftir að þessar upplýsingar liggi fyrir á næsta fundi ásamt kostnaðargreiningu.

10. Skipun rannsóknaleyfanefndar

Háskólaráð samþykkti skipun rannsóknaleyfanefndar til næstu þriggja ára. Eftirtaldir voru skipaðir:

Sólveig Ása Árnadóttir lektor, jafnframt formaður

Steingrímur Jónsson prófessor, tilnefndur af Félagi prófessora

Úlfar Hauksson forstöðumaður

Til vara:

Halldóra Haraldsdóttir lektor

Páll Björnsson lektor, tilnefndur af Félagi háskólakennara á Akureyri

11. Önnur mál

11.1. Fjallað var um fyrirspurn Hjálmars sem kom fram á fundi háskólaráðs þann 26. febrúar sl. (7.8.) um eftirfylgni við skil kennara á einkunnum. Ekki er til skráð verklag varðandi eftirfylgni og mælist háskólaráð til þess að starfslýsingar umsjónarkennara og leiðbeinenda verði skoðaðar sérstaklega í tengslum við endurskoðun á prófareglum.

11.2. Fjallað var um fyrirspurn Inga Rúnars sem kom fram á fundi háskólaráðs þann 26. febrúar sl. (7.9.) um hvort rétt væri að fjölga brautskráningardögum. Lagt var fram kostnaðaryfirlit vegna brautskráningar 2006, kostnaður nam tæplega 900 þúsund kr. Fram kom í máli Guðmundar Heiðars að þeir sem ljúka

prófum að hausti geta fengið skjal því til staðfestu þó þeir brautskráist ekki formlega fyrr en um vorið. Ákveðið var að ekki væri þörf á að fjölga brautskráningardögum.

11.3. Háskólaráð staðfesti samning við Flugfélag Íslands um eflingu rannsókna við HA.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 14:15.